ÞRIDJUDAGUR 20. JÚNÍ 2000 13

1>"V Merming

Tónlist

Rafmögnuð stemning

Umsjón: g»órunn Hrefna Sigurjónsdóttir

Kynlegt hefti
Skírnis
Skírnir, tímarit Hins íslenska bók-
menntafélags, er komið út, stútfullt af
efni fyrir lista- og bókmenntaunnend-
ur. Magnús Þór

Annarri tónleikaröð Tónskáldafélags Islands
lauk á föstudagskvöldið með strengjakvartetts-
tónleikum í Salnum þar sem fram kom strengja-
kvartett sem Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari
var í forystu fyrir en aðrir í kvartettinum voru
þau Júlíana Elín Kjartansdóttir, 2. fiðla, Helga
Þórarinsdóttir, víóla, og Richard Talkofsky, selló.
Tónleikaraðir tónskáldafélagsins bera yfirskrift-
ina „íslensk tónlist á 20. öld" og var áherslan í
þetta sinn á tónlist frá miðhluta aldarinnar.
Leiknir voru flmm kvartettar sem samdir höfðu
verið á tímabilinu 1940-1984.

Ballett m eftir Jónas Tómasson var fyrstur á
efnisskrá, saminn 1981. Kvartettinn er í einum
hluta sem þó skiptist niður í þrjá. Sá fyrsti þrótt-
mikill með þéttofnum raddfléttum, miðhlutinn
blíðari og ljóðrænni og sá þriðji kraftmikill með
smellnum coda í endann. Leikur kvartettsins var
til mikilliar fyrirmyndar, úthugsaður og hend-
ingamótunin skýr og verkið í alla staði heil-
steypt. Sömuleiðis var blásið nýju lífl í 26 ára
gamlan kvartett eftir John A. Speight þar sem
lagt er út frá pedalnótunni E og gat þar að líta
bráðskemmtilega spretti í samfléttum radda sem meðlimir kvartettsins léku af mikilli sannfær-
ingu. Elsti kvartettinn á tónleikunum var
Strengjakvartett 2 eftir Helga Pálsson sem hann samdi árið 1940 en kvartettinn var hins vegar
ekki frumfluttur fyrr en árið 1979. Verkið, sem er
í tveimur þáttum, AUegro, ma non troppo og And-
ante, hefst á fallegu sellósólói sem Richard lék af
mikilli kostgæfni og er að finna í verkinu þjóðleg-
an islenskan tón, ljúfsárar laglínur og er verkið i
heild nostursamlega samansett og vel með farið í höndum kvartettsins sem lék verkið af tilfinn-
ingu svo útkoman varð hin ánægjulegasta.

Síðasta verkið fyrir hlé var svo kvartett Gunn-
ars Reynis Sveinssonar „Net til að veiða vindinn"
frá 1984 en titillinn er fenginn úr ljóði Steins
Steinarrs um Tímann og vatnið sem hefur verið
tónskáldum hugleikið. Verkið er í fjórum þáttum
- sá fyrsti Mansöngur fyrir einleiksfiðlu, yfirlæt-
islaus og fallegur með svifandi flæði í meðförum
Sigrúnar. Annar kaflinn, Víravirki fyrir tvær
flðlur, var einnig afar vel leikinn af þeim Sigrúnu
og Júlíönu og var spennandi að fylgjast með
hvernig raddirnar höfðu áhrif á hvor aðra en við-
héldu jafnframt sjálfstæði sínu. Þriðji og fjórði

Síðasta verkiö á efnisskránni var El Greco strengjakvartett Jóns Leifs sem hann samdi haustið 1965.
Þaö veröur aö segjast aö þetta er eitt besta verk Jóns Leifs sem ég hef heyrt, myndrænt og áhrifamikiö og leikur kvartettsins hreint út sagt magnaöur.

þáttur eru svo skrifaðir fyrir kvartett og voru
þeir sömuleiðis fallega fluttir af alúð og öryggi og
héldu athyglinni óskiptri allan tímann.

Myndlist

Kvartett kominn til að vera

Sex lög Karólínu Eiríksdóttur
voru svo fyrst á efnisskrá eftir
hlé. Verkið var samið árið 1983
fyrir Berwald-strengjakvartettinn
að beiðni sænsku ríkiskonsert-
anna. Verkið samanstendur af
sex smástykkjum eins og titillinn
bendir til, sem eru afskaplega
skorinorð og hnitmiðuð og
mynda saman eina heild þótt ólík
séu og er áheyrandanum haldið
föngnum enda er alltaf eitthvað
nýtt á seyði og var flutningur
þessa verks einnig vel fram færð-
ur og öruggur. Síðasta verkið á
efnisskránni var svo El Greco
strengjakvartett Jóns Leifs sem
hann samdi haustið 1965. Hinir
fimm þættir verksins bera titla
sem vísa til mynda málararns,
Toledo, ímynd af sjálfsmynd af El
Greco, Jesús rekur braskarana úr
musterinu, Krossfestingin og
Upprisan. Það verður að segjast
að þetta er eitt besta verk Jóns
Leifs sem ég hef heyrt, myndrænt
og áhrifamikið og leikur kvar-
tettsins hreint út sagt magnaður,
þá ekki síst í næstsíðasta þættin-
um, Krossfestingunni, þar sem
áhrifin voru slík að maður þorði
vart að anda af hættu við að
missa af einhverju og stemningin
í salnum var rafmögnuð, svo ekki
sé meira sagt. Þau Sigrún, Helga
og Richard hafa oftsinnis leikið
saman áður en Júlíana er ný í
þessum félagsskap og passaði vel
inn í hljóm hinna þriggja og voru
þetta því hinir ágætustu tónleikar
sem allt of margir misstu af en
það er óskandi að þeir fái annað

tækifæri til að hlýða á leik kvartettsins sem er
vonandi kominn til að vera.

Arndís Björk Ásgeirsdóttir

:

Musteri lífsgleðinnar

Það er ekki víst að ís-
lendingar vissu hvernig
þeir ættu að bregðast við
ef dönskum eða sænsk-
um vinum þeirra dytti í
hug að bjóða þeim með
sér út í „kolonihave" eða
„kolonistuga". Þetta fyr-
irbæri, sem nefnt hefur
verið „garðhúsabyggð"
upp á íslensku, á sér
nefnilega enga beina
samsvörun á íslandinu
hrákalda. Nærtækast er
að ímynda sér þyrpingu
bygginga einhvers stað-
ar í úthverfi sem sam-
eina helstu eiginleika ís-
lenskra kartöflukofa og
sumarbústaða.

Þangaö koma eftir-
launaþegar gjarnan þeg-
ar gott er veður, ýmist
einir og sér eða með vin-
um og vandamönnum,
ekki endilega til að atast
í matjurtagarðinum,
heldur einnig til að hafa
það gott - „hygge sig" -
borða góðan kost og
gutla í bjór klukkustund-
um og jafnvel dögum
saman. í þessum húsum
eru oftast beddar, þar
sem gestgjafar og gestir
þeirra geta fleygt sér í
brað og lengd. Mörg
dæmi eru um það að eig-
endur setjist að í garð-
húsum sínum yfir há-
sumarið.

Það er þessi tegund byggðar sem dönskum og
sænskum arkitektum datt í hug að leggja fyrir
nokkra helstu arkitekta vorra tíma og fá þá til að
skálda eigin tilbrigði við hana. Þessi tilbrigði,
módel og teikningar, eru nú til sýnis á bráð-
skemmtilegri sýningu að Kjarvalsstöðum, ásamt

A sýningu Kjarvalsstaöa er að finna tilbrigðl arkitekta við garðhúsabyggð, ásamt sérhönnuðu íslensku garðhúsi í fullri stærð.

sérhönnuðu íslensku garðhúsi í fullri stærð en
verið er aö reisa öll garðhúsin, átján að tölu, í
sérstökum garði í Vallensbæk fyrir utan
Kaupmannahöfn og möguleiki að bæta við fleir-
um. Með timanum munu Danir því eignast þar
eins konar safn um nútímabyggingalist, senni-

lega hið fyrsta sinnar tegundar í heiminum.

Úti og inni
Þetta er að ýmsu leyti kjörið verkefni fyrir sér-
hvern arkitekt, því þótt hann þurfi í stórum
dráttum að ganga út frá venjulegum byggingar-
fræðilegum forsendum, leyfist honum að bregða á leik, þar sem garðbyggingin er jú fyrst og fremst
eins konar musteri lífsgleðinnar. Enda sýna
margir þátttakendurnir á sér sínar bestu hliðar.
Af skiljanlegum ástæðum eru margir þeirra
uppteknir af því að tengja garðhúsafólkið við um-
hverfi sitt og náttúruna, t.d. með því aö láta þá
dvelja uppi á þaki, eða þá að þeir „opna" bygging-
arnar með ýmsum aðferðum. Franski arkitektinn
Dominique Perrault er meira að segja með alla
veggi úr gleri og sá danski Sören Robert Lund
(sem ætti að vita betur) gerir engan greinarmun
á úti- og innirými.
Hinn snjalli japanski arkitekt, Isozaki, sker sig
úr fyrir hið innhverfa svipmót byggingar sinnar,
en hún er framar öðru ætluð til að njóta einsemd-ar, medítera, lesa bækur og ígrunda rök tilver-
unnar. Arkitekt frá Lúxembúrg, Léon Krier,
gengur á svig við nútímabygginalistarhefð og
teiknar hús fyrir Hans og Grétu, eins konar tákn
fyrir ævintýrið og sakleysið.
Það er ekki alveg laust við að bandarísku og
bresku arkitektarnir misskilji garðhúsahefðina,
enda er hún varla fyrir hendi í heimalöndum
þeirra. Bandariski arkitektinn Richard Meier
vinnur út frá engilsaxneskri garðbyggingahefð,
þar sem garðhús eru fremur til skrauts en til
langvarandi íveru og Richard Rogers hinn breski
imyndar sér færanlegt plastskýli, en mikilvægi
norræna garðhússins liggur ekíri síst i varanleg-
um tengslum þess við ákveðinn stað og aðra garð-húsabyggð.
Sýning á arkitektúr hefur sjaldan tekið sig bet-
ur út að Rjarvalstóðum. Einnig var vel til fundið
að fá íslenska arkitekta til að spreyta sig á garð-húsinu. Vinningstillaga þeirra Hjördísar og
Dennis er gerð af ríkum skilningi á eðli garðhúss-
ins, þar sem íbúar geta ýmist verið einir með
sjálfum sér eða gengið á vit náttúrunnar, auk
þess sem höfundar fara prýðisvel með form og
efnivið. Aðalsteinn Ingólfsson

Þorbergsson SKÍRNIR skrifar um stofn-
un Þjóðleikhúss-
ins, Páll Bjarna-
son fræðir les-
endur um lögin
sem sungin hafa
verið við Vísur
íslendinga og
Jón Ólafsson

fjallar um tengsl
íslands og Ráð-
stjórnarríkjanna fyrrverandi, svo
eitthvað sé nefnt af efni heftisins.
Skáld Skírnis er Unnur Marðardóttir,
með sínar tviræðu vísur, og myndlist-
armaður Skírnis er Hannes Lárusson
sem unnið hefur með „erótískar end-
ur" og prýðir ein þeirra forsíðuna.
Þessu til skýringar segir í fréttatil-
kynningu: „Kyngervi og kynhlutverk
hafa verið Islendingum ofarlega í
huga undanfarin ár."
Það er harla óalgengt að greinar úr
þessu hámenningarlega riti nái að
valda usla í fjólmiðlum en nú hina
síðari daga hafa spjallþættir á öllum
stöðvum verið undirlagðir því
hneyksli að Ármann Jakobsson,
virðulegur bókmenntagagnrýnandi
DV, haldi blákalt fram samkynhneigð
Gunnars á Hliðarenda og Njáls á
Bergþórshvoli í grein sinni Ekki
kosta munur sem einnig er að finna í
þessu hefti.

Hinsegin saga
Við lestur hinnar voðalegu greinar
er þó ekki að sjá skýrar dylgjur um
samkynhneigð. Ármann segir hins
vegar í greininni að texti Njálu sýni
þann vanda sem
felst í hugtökun-
um karl og kona,
karlmannlegt og
kvenlegt. Njáll á
Bergþórshvoli er
til dæmis nefndur
„karl hinn skegg-
lausi" en það gef-
ur auðvitað til
kynna að eitthvað
skorti á karl-
mennskuna, sem þó er á yfirborði
sögunnar eftir kúnstarinnar reglum,
með viðeigandi manndrápum og
hörmungum. Njálssaga er að mati Ár-
manns „hinsegin saga" því að átök
hennar tengjast ásökunum um öfug-
hneigð sem voma yflr aðalpersónun-
um. Karlmennska jafnvel mestu
garpanna er dregin í efa og e.t.v. sé
sögunni ætlað að sýna „...hvernig
goðsagnir um karlmennskuna eru
svipa á karlmenn. Karlmennskan er
goðsögn sem er handan raunveru-
legra karlmanna". Ármann bendir
þannig á „hina hliðina" á Njálu og
segir að sögupersónurnar eigi sér því
tvær hliðar og aðra öfuga. En það sé
ekki ljóður á ráði þeirra, heldur að-
eins hluti af manneðlinu.

Blóðakur á ensku
Frá JPV forlagi hafa borist fregnir
um að Blóðakur Ólafs Gunnarssonar
sé kominn út hjá bókaútgafunni
Mare's Nest í
Englandi. Heiti
bókarinnar upp á
ensku mun vera
Potter's Field og
þýðingin er unnin
af Ólafi sjálfum í
samvinnu við Jill
Burrows. I frétta-
tilkynningu segir
að bókin hafi hlot-
ið umsögn í tíma-
ritinu Publishers Weekly þar sem
sagt er að „Blóðakur sé epísk saga um
stjórnmál, trú og daglegt líf í Reykja-
vík". í blaðinu Booklist er hins vegar
bætt við að bókin sé byggð á raun-
verulegum pólitískum atburðum frá
fyrri hluta 20. aldar. Sagan sé við-
burðarík og vindi henni hratt fram.

Blóðakur er miðbókin í þríleik
Ólafs Gunnarssonar um íslenskt þjóð-
líf á 20. öld og kom fyrst út hjá Forlag-
inu 1996. Hinar bækurnar eru Trölla-

kirkja og Vetrarferðin.